Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Hamar, blað sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, 14. júní 1937, m.a. samanburður útsvara í Hafnarfirði og Reykjavík. Útsvörin í Hafnarfirði margfalt hærri: Blaðaúrklippur, nafnalistar, útreikningur

Bjarni Benediktsson – Hamar, blað sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, 14. júní 1937, m.a. samanburður útsvara í Hafnarfirði og Reykjavík. Útsvörin í Hafnarfirði margfalt hærri: Blaðaúrklippur, nafnalistar, útreikningur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-4, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Hamar

**Útgefandi: Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði**

6. árgangur | Hafnarfirði, mánudaginn 14. júní 1937 | 4. tölublað

# Ræða Bjarna Snæbjörnssonar

## á framboðsfundi 5. þ. m.

Góðir Hafnfirðingar!

Þegar við nú göngum til kosninga verðum við að gjöra okkur ljóst ástandið í lands- og bæjarmálum; hvernig það er, hvort við erum ánægð með það og ef ekki, þá hvernig breytt verði til bóta og viðreisnar.

Sömuleiðis og ekki hvað síst verðum við að hafa hugfast, að einungis fá ár eru þar til okkur gefst tækifæri til að segja um það hvort við viljum fá fullkomið sjálfstæði vort endurheimt eftir rúmar 6 aldir og hvort við erum fær um að vernda þetta sjálfstæði vort ef við endurheimtum það.

Þetta eru þær spurningar, sem hver hugsandi kjósandi verður að leggja fyrir sig og svara er hann gengur að kjörborðinu 20. júní.

Við vitum það öll, að ástandið hjá okkur Íslendingum um fjárhag og afkomu er mjög slæmt. Sumar ástæðurnar til þessa slæma ástands getum við ekki beinlínis kent okkur um eins og t. d. aflaleysi, sauðfjárpestina og lokun þeirra markaða, sem okkur hafa verið bestir fyrir útflutningsvöruna, saltfiskinn. En mjög margt er oss sjálfum að kenna eins og t. d. ógætileg fjármálastjórn, þar sem alt virðist ganga út á það að eyða sem mestu og krýja til þess út hvern eyrir hjá fátækum landslýð og atvinnufyrirtækjum, sem berjast í bökkum; þar sem aðallega virðist stefnt að stofnun nýrra embætta og bitlinga. Í öðru lagi sífelt rifrildi um atvinnu og verslunarmálin og í þeim málum unnið að fullkominni byltingu, því stefnan hefir verið sú á síðustu árum að draga atvinnumálin, a. m. k. hvað útgerðar og útflutningsstarfsemi með fisk og fiskafurðir snertir, sem mest úr höndum þeirra manna, sem frá æsku hafa búið sig undir það starf og unnið að því í fjöldamörg ár, draga þessa starfsemi úr höndum þessara manna yfir til þeirra, sem aldrei hafa haft neitt með þessi mál að gera og ekkert hafa búið sig undir að vinna að þeim. Á sama hátt er líka unnið hin síðari ár að samskonar byltingu í verslunarmálum um leið og stjórnarblöðin eftir mætti reyna til að spilla markaðsmöguleikum okkar við erlendar þjóðir, sem annars eru okkur vinveittar, með því að láta sig skifta innanríkispólitík þeirra og gerast dómarar yfir hvort stjórn þeirra á innanríkismálum sé rétt eða röng.

Það má vel vera að sumum hafi þótt sitthvað athugavert við framkvæmd þessara mála, atvinnu- og verslunarmálanna, að undanförnu, en ég hika ekki við að segja, að það gangi glæpi næst hjá þessum byltingastefnumönnum að ætla sér að framkvæma hana með offorsi einmitt á þessum alvöru tímum, þar sem alt er komið undir því, að við höfum vit og vilja á því, að fela bestu og reyndustu mönnunum í hverri grein umsjá þeirra mála, sem þeir eru hæfastir til að gegna.

Um leið og þessi stefna hefir verið hafin í atvinnu- og verslunarmálunum, þá hefir jafnframt verið stefnt að því, sem jafnaðarmenn kalla að dreyfa fjármagninu, sem er í höndum einstakra manna eða félaga, en í reyndinni er stefnt að því að eyða því. Ríkið og bæir, þeir síðarnefndu aðallega vegna aðgjörða Alþingis, skattpína svo þegnana og atvinnufyrirtækin, að ekki eru dæmi til slíks meðal nágranna-þjóðanna. Skattarnir hafa verið hækkaðir svo gífurlega, að til jafnaðar mun hækkunin nema 80—100%. Tiltölulega hefir hækkunin verið mest á lágum og miðlungstekjum. — Hvað tollana snertir þá er fróðlegt að athuga hlutfallið milli heildarinnflutningsins og tollteknanna og gera samanburð á þessu í lok stjórnartíðar sjálfstæðismanna og nú.

Árið 1927, en það er síðasta árið, sem sjálfstæðismenn bera ábyrgð á fjármálastjórn landsins, nam heildarinnflutningurinn 53 milj. og 162 þús. kr. Þetta sama ár námu allir innflutningstollar 4 milj. 904 þús. kr. eða 9,2% af heildarinnflutningnum. Samkvæmt bráðabirgðaskýrslum nam innflutningurinn síðastliðið ár 41 milj. og 631 þús. kr. og sé við það bætt 7%, sem fram kemur síðar, mun láta nærri að heildarinnflutningurinn árið sem leið hafi numið 44 milj. og 545 þús. kr. Þetta sama ár munu allar tolltekjur hafa numið um 7 milj. og 518 þús. kr. eða 16.9% af heildarinnflutningi.

Þessar tölur sýna greinilega hve stórkostlega tollarnir hafa hækkað síðan sjálfstæðismenn létu af völdum. Þeir hafa nálega tvöfaldast í tíð núverandi stjórnarflokka miðað við innflutninginn.

Það er heldur engin furða að svo sé þegar maður athugar skatta og tollalöggjöf síðustu ára, enda eru jafnaðarmenn nú hættir að standa upp á þingmálafundum og krefjast afnáms eða lækkun tollanna. Nú passar það ekki lengur þeirra hagsmunum.

Á tveim þingum, 1934 og 1935, samþyktu stjórnarflokkarnir 17 lög um hækkun tolla og skatta: 100—200% hækkun var sett á innlenda tollvöruframleiðslu; 25% hækkun var sett á aukatekjur þær sem ríkissjóður fær af réttarfarsgjöldum; 25—375% hækkun var sett á aðflutningsgjald ýmissa vörutegunda; 25% hækkun á tolli af óáfengum drykkjum, hárvötnum o. fl.; 25% hækkun af stimpilgjaldi; 25% hækkun á verðtolli á flestöllum vörutegundum; síldartollur, 2% gjald af andvirði útfluttrar síldar; um 40% hækkun á tekju og eignarskatti. Nýtt stimpilgjald (svokölluð greiðslumerki); 25% hækkun á vitagjaldi; 25% tollur af tegrasi og ný allsherjarlög um tekju og eignaskatt, sem hækkuðu þann skatt um 60—110%. — Öll þessi 12 tekjuöflunarlög voru samþ. á þinginu 1934. Á þinginu 1935 var svo bætt við: Ný hækkun tekjuskattsins um alt að 80%. Viðskiftagjaldið sem lagt var á flestallar aðfluttar vörur, jafn nauðsynlegar sem ónauðsynlegar og nemur frá 2—25%. Raunar var því lofað meðan verið var að koma hvorutveggju þessu á, að þessir tveir feiknlegu aukaskattar skyldu ekki standa nema 1 ár, en þeir standa enn. Þá var á þinginu 1935 samþ. 100% hækkun á benzínskatti, sem kom af stað bílstjóraverkfallinu. Breyting var gerð á vörutollslögnuum af því að nokkurar vörur fundust enn er nutu tollfrelsis og loks var verðtollurinn hækkaður um 5—25% og fjölgað vörutegundunum, sem eru tollskyldar. — ásamt innflutningshöftunum og einokunarfarganinu á þessa tolla og skattahækkun aðalþáttinn í hinni ógurlegu dýrtíð, sem hér ríkir og gerir það að verkum að það sem við fengum fyrir eina krónu árið 1927 kostar okkur nú 1.83. En þrátt fyrir þessa sífeldu skatta og tollahækkun, þá fer minstur hluti þess fjár, sem á þenna hátt rennur í ríkissjóðinn, til þess að bæta atvinnuleysið meðal verkalýðs í kauptúnunum eða minka skuldir ríkissjóðs. Þær fara hækkandi ár frá ári. — Vextir og afborganir lána ríkissjóðs nema nú 3 milj. kr. Þar af vextir einir 1 milj. 525 þús. 632 kr.

Afleiðingin af þessari fjármálastefnu verður svo þverrandi fjármagn í landinu, minkandi sparifjáreign landsmanna og þar af leiðandi minkandi möguleikar bankanna til að veita fé til verklegra framkvæmda og afleiðingin verður atvinnuleysi og örbirgð meðal verkalýðsins og fjárþrot bæjarsjóðanna. Því hverjir eiga að gerast atvinnurekendur þegar búið er að taka eignir manna til að greiða með skatta og tolla í ríkissjóðinn, sem að langmestu leyti er orðinn að eyðslueyri? Hverjir eiga að greiða útsvörin sem bæjunum eru nauðsynleg til framfæris og er þeirra aðal tekjustofn þegar ríkið er búið að gera alla gjaldendur þeirra að fátæklingum og hverjir eiga svo loks að greiða tolla og skatta í ríkissjóðinn þegar kyrkingur er kominn í atvinnulífið og landsbúar eru orðnir að atvinnulitlum öreigum, mönnum sem litla aðra atvinnu fá en atvinnubótavinnu, sem að langmestu leyti er óarðbær og því tímaspursmál hve lengi er hægt að halda henni gangandi og aldrei verður til annars en að forða mönnum frá því að deyja úr hungri. Ef ekki er nú þegar tekið í taumana þá rennur fyr en varir upp óskastund byltingarmannanna. Þá er skapaður jarðvegur fyrir öfgaflokkana, sem láta sér lýðræði engu skifta, þá er skapaður jarðvegur til bræðravíga eins og nú er verið að heyja á Spáni, sem vekja hrylling og viðbjóð þeirra, sem utanvið standa en boða tortímingu þjóðarinnar.

Það verður því að breyta um stefnu ef vel á að fara og kem eg þá að þeirri spurningu, sem eg gat um í upphafi þessarar ræðu minnar. Hvað á að gera til þess að komast úr þeim ógöngum, sem við erum komnir í? Eg ætla nú að lýsa því hvað sjálfstæðisflokkurinn ætlar sér að gera verði hann ráðandi flokkur á Alþingi næstu kjörtímabil til þess að rétta við atvinnulífið, til þess að landsbúum megi líða betur, til þess að auka fjármagnið innanlands og þar með skapa skilyrðin fyrir því að við getum orðið fullvalda þjóð og búið sjálf að gæðum okkar lands, en ekki eins og nú er, átt það undir sambandsþjóð okkar hvort útlendingar setjist hér að og hagnýti sér gæði lands vors.

Sjálfstæðisflokkurinn vill gæta sparnaðar í rekstri allra opinberra stofnana. Hvað eftir annað hafa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ónot flóttamannsins

Þeim, sem voru á framboðsfundinum hér 5. þ. m. og hlustuðu á ræðu Emils Jónssonar, blandast ekki hugur um það, að þar talaði algerlega rökþrota maður og vonlaus um sigur fyrir sig og sinn flokk í þessari kosningabaráttu. Kom þar svo greinilega fram, að ekki varð um vilst, að flótti Emils héðan úr bænum frá öllu saman í rústum, hafði algerlega þurkað út það, sem fram að því kann að hafa verið eftir af því trausti, er einstaka bæjarbúi hafði áður til hans borið.

Þá sá Emil, að hans eigin flótti hafði leitt af sér þann allsherjar flótta í liði hans hér í bænum, sem ekki varð stöðvaður, enda varð framkoma hans á fundinum ekki til þess að draga þar úr, heldur til hins gagnstæða. Og með skrifum sínum í Alþýðublaði Hafnarfjarðar hefir hann bætt gráu ofan á svart. Þar lítur hann um öxl á flóttanum og hreytir ónotum og ósannindum í sjálfstæðismenn og blaðið „Hamar“. Öllum varnarvopnum hefir hann frá sér fleygt, nema sínu gamla kjörvopni, lygnni. Það ætlar að lafa lengst við hann, en svo mjög eru eggjar þess slæfðar orðnar af mikilli notkun, að það vekur enga und þó brugðið sé.

Í síðasta tölublaði „Hamars“ var skýrt frá því meðal annars, sem dæmi um það, hvernig fjárhagur bæjarins væri kominn í höndum Emils og fylgifiska hans, að dagfallnar kröfur á bæjarsjóðinn næmu þá að minsta kosti 236 þúsundum króna. Voru kröfurnar greinilega sundurliðaðar og tilgreind upphæð hverrar fyrir sig.

Í grein, sem Emil ritar í Alþýðublað Hafnarfjarðar 11. þ. m., og sem ritstjóri blaðsins Ólafur Þ. nefnir svo hnyttilega „Flóttinn rekinn“, bregður hann kjörvopni sínu af miklum móði, en þó ekki af meiri fimi en það, að það snýst gegn honum sjálfum hvað eftir annað. Reynir Emil í þessari grein að koma því inn hjá mönnum, að frásögn „Hamars“ um þetta efni sé ekki bygð á staðreyndum að öllu leyti. Hann segir t. d. að ógreiddur berklavarnastyrkur, sem „Hamar“ sagði að væri að upphæð kr. 30.000.00, sé ekki rétt tilgreindur. Hvort upphæðin sé talin of há eða of lág, láist honum alveg að geta um. Þá segir hann að ógreiddir vextir, starfsmannalaun og verkalaun séu of hátt talin hjá „Hamri“. Loks segir Emil að „Hamar“ telji ógreiddar ávísanir og reikninga of hátt „um tugi þúsunda“, í „Hamars“-greininni voru þessar kröfur taldar vera kr. 65.000.00. (Raunar segir Emil að þessar kröfur séu taldar í „Hamri“ 65—75 þúsund krónur, sem allir, er lesið hafa frásögnina í „Hamri“, vita að er ekki rétt. En hvað munar Emil um að skýra þarna skakt frá um 10 þúsund krónur, úr því hann er byrjaður að ljúga á annað borð!)

Það hlýtur að vekja alveg sérstaka athygli, að maður eins og Emil, sem hefir í höndum bækur og reikninga bæjarsjóðs, skuli ekki í þessari mótmælagrein sinni **tilfæra eina einustu tölu máli sínu til stuðnings.** En þegar betur er að gáð, þá er þetta mjög skiljanlegt. **Það er af þeirri einföldu ástæðu að bækur og skjöl bæjarsjóðsins staðfesta það, að „Hamar“ hefir í þessu efni ekkert ofsagt eða oftalið, heldur hið gagnstæða.**

Og Emil Jónsson þarf ekki að halda það, að hann geti hnekt frásögn „Hamars“ um þetta efni, sem bygð er á skjallegum staðreyndum, með eintómum fullyrðingum og almennum kjaftavaðli. Þar þarf meira til. Þar þarf **sannanir, — skýlausar og afdráttarlausar sannanir.** Er hér með skorað á hann að leggja öll gögn á borðið í þessu máli. Geri hann það ekki, verður hann að sætta sig við að taka nafn af kjörvopni sínu.

Hér skal þó létt undir með Emil hvað snertir öflun sönnunargagna viðvíkjandi upphæð ógreiddra ávísana og reikninga bæjarsjóðs („gulu seðlanna“), sem „Hamar“ sagði að næmi 65 þúsundum króna hinn 1. þessa mánaðar. — Þá lágu hjá eftirtöldum mönnum og firmum ógreiddar ávísanir og reikningar á bæjarsjóð svo sem hér segir: Einari Þorgilssyni & Co., Hafnarfirði, 20 þús. kr. — H.f. Júpíter og Lofti Bjarnasyni, 15 þús. kr. — Nýju Rafmagnsstöðinni, 9 þús. kr. — Kaupfélagi Hafnarfjarðar 6 þús. kr. — Smjörlíkisgerðin Svanur, Reykjavík, 4 þús. kr. — Smjörlíkisgerðin Ásgarður, Reykjavík, 7 þús. kr. — Smjörlíkisgerðin Ljómi, Reykjavík, 5 þús. kr. **Eða samtals 66 þúsund krónur.**

Er þetta eitt þúsund krónum hærri upphæð heldur en talið var í „Hamri“, og sjálfsagt eru í höndum annara einstaklinga og félaga ógreiddar ávísanir, sem skifta þúsundum.

Í niðurlagi greinar sinnar segir Emil: „En það er hægur vandi þegar illa gengur, að stökkva á flótta frá þeim málum, sem fyrir liggja.“ — Enginn veit ger um þetta en Emil sjálfur, því þetta er sá kosturinn, sem honum hefir þótt vandaminst að taka. Og mun þetta vera eina sannleikskornið í grein hans. Því skal hér að eins við bætt, að þeim mun hægari verður flóttinn fyrir hann, því minna sem hann segir. Ætti hann því einnig að taka þann kostinn, að flýja þegjandi. — Það verður honum áreiðanlega fyrir bestu.

# Var vitamálastjórastaðan keypt

## handa Emil Jónssyni fyrir danskar krónur?

Emil Jónsson sagði á framboðsfundinum þann 5. þ. m., að Th. Krabbe vitamálastjóri hefði skorað á sig að sækja um vitamálastjórastöðuna.

Það voru allir sammála um það, að þegar vitamálastjórastaða var veitt Emil, að þá hafi **veitingavaldið beitt hinu argasta ranglæti.**

Hvaðanæfa af landinu bárust Haraldi Guðmundssyni atvinnumálaráðherra **áskoranir um að veita vitamálastjórastöðuna Finnboga Rúti Þorvaldssyni verkfræðingi,** sem hefir verið starfandi sem önnur hönd vitamálastjóra, nú um mörg undanfarin ár. Þessi maður hefir áunnið **sér óskorað traust landsmanna kring um alt land,** þar sem hann hefir að undanförnu unnið að vita- og hafnarbyggingum.

**Undir þessar áskoranir rituðu menn af öllum stjórnmálaflokkum og ekki hvað síst flokksmenn Emils.**

Enginn maður fékkst til að mæla með Emil,nema Th. Krabbe vitamálastjóri. Sú spurning hlýtur að vakna, af hverju að Krabbe hafi gert það. Var það vegna þess, að Emil hafði áunnið sér traust hans sem verkfræðingur með því að sýna sérstakan dugnað í hafnarbyggingum, eða öðru hliðstæðu? Nei, ekki vita Hafnfirðingar að minsta kosti til þess. **Þar er hafnarmál þeirra of mikill talandi vottur um framkvæmdaleysi mannsins.**

Hafa þá reikningar hafnarsjóðs áunnið Emil traust Th. Krabbe? Nei, honum voru sendir þeir til umsagnar af ráðuneytinu og var umsögn vitamálastjóra þannig, að ekki voru það **meðmæli fyrir Emil,** sem formann hafnarnefndar og bæjarstjóra. Af hverju mælti Th. Krabbe þá með Emil og af hverju lét hann tilleiðast að víkja úr embætti áður en hann hafði náð fullu aldurstakmarki? Það mun hafa verið fyrir þrábeiðni valdhafanna til þess að geta komið í **stöðuna tryggum flokksmanni, áður en kosningar færu fram.**

Hvað fékk svo Krabbe fyrir að ganga fram hjá hinum mikilhæfa manni, Finnboga Rút Þorvaldssyni og mæla með Emil? **Það er** ætlað, að Th. Krabbe hafi verið lofað yfirfærslu á eftirlaunum sínum og eignum í dönskum krónum, ef han vildi ganga fram hjá Finnboga Rúti verkfræðingi og mæla með Emil.

Þannig er þá Emil kominn í þessa nýju stöðu sína. **Þannig nota stjórnarflokkarnir aðstöðu sína til að koma pólitískum gæðingum í feit embætti.**

# *Svikin afhjúpuð*

*Það hefir margoft verið bent á að hinn hagstæði verslunarjöfnuður síðastl. árs væri fenginn með villandi skýrslum frá hendi fjármálaráðherrans, þannig, að vörur, sem komnar voru til landsins fyrir áramót hefðu verið geymdar á skipaafgeiðslum og ekki látnar koma á innflutningsskýrslur, til þess að ráðherrann gæti gefið nógu laglegar skýrslur um árangurinn af innflutningshöftunum. Hefir þessi falski jöfnuður verið aðalmál Tímamanna á fundum úti um land.*

*Þetta er nú komið í ljós í skýrslum Hagstofunnar.*

*Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar um innflutning og útflutning var innflutningurinn í marslok þ. á. 18.186 milj. kr., en útflutningur aðeins 13.89 milj. krónur.*

*Verslunarjöfnuðurinn var því í marslokin óhagstæður um rúmlega 4¼ milj. krónur, en á sama tíma í fyrra var hann óhagstæður um aðeins 1¼ milj. krónur.*

*Verslunarjöfnuðurinn var því um 3 milj. krónum óhagstæðari en hann var á sama tíma í fyrra.*

*Prettir Eysteins Jónssonar eru nú afhjúpaðir.*

---

þeir komið fram með tillögur í þá átt og sýnt með ljósum dæmum að mikið er hægt að spara, en mótspyrnan hefir verið hörð og aðallega verið haldið uppi af þeim, er missa þar spón úr aski sínum og þeim, er til óráðsíunnar hafa stofnað. En sjálfstæðismenn vita líka, að gæta verður fylstu varfærni í því að láta sparnaðinn beinast í þá átt, að draga ekki um of úr verkl. framkvæmdum, því slíkt skapar kyrrstöðu og atvinnuskort, sem ekki er á bætandi. Þeir vita að ekki má ofþyngja atvinnuvegunum með háum sköttum eða tollum, svo þeir fá ekki rönd við reist, en afleiðingin verður aukið atvinnuleysi og fjárhagslegt hrun. Þeir vita að íslenska þjóðin er fátæk og því sé það lífsnauðsyn að gera það sem hægt er til að auka fjármuni hennar. Þeir vita að fjármunaaukninguna má helst glæða með tvennu móti, með því að hvetja til framtaks og með því að spara og þeir vita að þetta verður best gert með því að skattleggja sem mest óhófsvörurnar, en létta tollum af brýnustu nauðsynjum og fara varlega í að beita svæsið beinu sköttunum.

Á þessari stefnu sjálfstæðisflokksins byggjast svo viðreisnartillögur hans og vík eg þá aðallega að þeim málum er snerta okkur Hafnfirðinga og byrja þá á sjávarútvegsmálunum.

Framhald.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Samanburður

## útsvara í Hafnarfirði og Reykjavík

## Útsvörin í Hafnarfirði margfalt hærri

| Nr. á N.skrá | Nöfn | Einstakl. | Hjón með börn | Netto tekjur | Netto eignir | Útsvar H.fj. | Útsvar R.vík | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2. | Aðalbjörn Bjarnason, Hvaleyri | | 3 | 2750 | 6900 | 50 | 26 | 40+69 = 109 |
| 6. | Albert Erlendsson, Selv.g. 10 | | 3 | 2500 | 5100 | 50 | 10 | 25+51 = 76 |
| 7. | Albert Kristinsson, Langeyrarveg 1 | | 0 | 1400 | engar | 60 | 27 | — – 49 |
| 12. | Andrés Jóhannsson, Suðurgötu 40 | | 3 | 2750 | — | 50 | ekkert | — – 40 |
| 24. | Atli Guðmundsson, Garðaveg 10 | | 1 | 1450 | — | 50 | — | — – 34 |
| 25. | Auðunn Magnússon, Skúlaskeið 4 | | 0 | 750 | — | 50 | — | |
| 26. | Auðunn Nielsson, Austurgötu | | 1 | 1950 | — | 70 | — | – 64 |
| 32. | Agúst Pálsson, Reykjavíkurveg 32 | | 1 | 1550 | — | 75 | — | – 40 |
| 35. | Arni Arnason, Lækjargötu 16 | | 0 | 900 | — | 75 | — | |
| 37. | Arni Elísson, Tjarnarbraut 9 | | 3 | 4150 | — | 120 | 72 | – 163.– |
| 44. | Arni Teitsson, Hverfisgötu 40 | | 2 | 1200 | — | 50 | ekkert | |
| 67. | Benedikt Ogmundsson, Brekkugötu 14 | | 5 | 8100 | 9800 | 1500 | 610 | – 911.– (290) |
| 70. | Bergsteinn Sigurðsson, Vesturhamar 1 | | 1 | 1150 | engar | 120 | — | |
| 69. | Bergsteinn Hjörleifsson, Reykjavíkurveg 6 | | 1 | 1900 | — | 80 | — | |
| 71. | Bergur Bjarnason, Selvogsgötu 16 B | | 2 | 1100 | 6100 | 100 | 20 | |
| 76. | Berthart M. Sæberg, Kirkjuveg 20 | | 1 | 2600 | 7600 | 120 | 65 | |
| 77. | Bessi Gíslason, Krosseyrarveg 7 | | 3 | 2850 | engar | 100 | ekkert | – 46.– |
| 80. | Bjarni O. Arnason, Austurgötu 27 | | 1 | 1900 | — | 60 | — | – 61.– |
| 81. | Bjarni Arnason, Reykjavíkurveg 24 | | 4 | 2600 | — | 20 | — | |
| 99. | Björn Arnason, Hverfisgötu 35 | | 3 | 2750 | — | 65 | — | |
| 101. | Björn Bjarnason, Selvogsgötu 3 | | 0 | 1100 | — | 60 | 26 | – 31.– |
| 115. | Brynjólfur Brynjólfsson, Kirkjuveg 3 | | 1 | 2200 | — | 100 | 20 | – 79– |
| 118. | Böðvar Grímsson, Hörðuvöllum | | 0 | 950 | — | 70 | ekkert | |
| 134. | Eggert Loftsson, Strandgötu 23 | | 1 | 850 | — | 80 | — | |
| 135. | Egill Guðmundsson, Vörðustíg 9 | | 1 | 2950 | — | 120 | 60 | – 163.– |
| 136. | Einar Andrésson, Suðurgötu 11 | | 1 | 1700 | — | 80 | ekkert | |
| 140. | Einar Guðmundsson, Linnetsstíg 12 | | 2 | 2100 | — | 75 | — | |
| 175. | Emil Randrup, Læjargötu 24 | | 4 | 3550 | — | 60 | 15 | |
| 180. | Erlendur Halldórsson, Reykjavíkurveg 26 | | 4 | 4400 | — | 175 | 55 | – 157 |
| 186. | Eyjólfur Kristinsson, Selvogsgötu 2 | | 4 | 4450 | — | 200 | 60 | |
| 170. | Elís Olafsson, Austurgötu 27 | | 2 | 1400 | — | 50 | ekkert | |
| 197. | Finnbogi Hallsson, Hverfisgötu 6 | | 3 | 2750 | — | 65 | — | |
| 198. | Finnbogi Jónsson, Hellisgötu 3 | | 2 | 1600 | — | 65 | — | |
| 209. | Gamalíel Jónsson, Selvogsgötu 9 | | 0 | 1400 | — | 50 | — | |
| 222. | Gísli G. Guðmundsson, Austurstræti 21 | | 1 | 750 | — | 60 | — | |
| 216. | Gísli Arnason, Vesturhamri 3 | | 3 | 1900 | 5000 | 50 | 10 | |
| 232. | Gísli Jónsson, Vesturkoti | | 2 | 1900 | engar | 75 | ekkert | |
| 215. | Gísli Amundason, Garðaveg 3 | | 2 | 2850 | — | 80 | 25 | |
| 240. | Guðbergur Jóhannsson, Austurgötu 3 | | 3 | 3600 | — | 100 | 35 | |
| 252. | Guðjón Arngrímsson, Skólabraut 2 | | 5 | 4000 | 11700 | 165 | 80 | |
| 267. | Guðjón Kr. Sveinsson, Lækjargötu 18 | | 3 | 3150 | engar | 110 | 20 | |
| 268. | Guðjón Þorkelsson, Vesturbraut 1 | | 3 | 3300 | — | 90 | 25 | |
| 288. | Guðmundur Breiðdal, Hverfisgötu 5 | | 2 | 2050 | — | 70 | ekkert | |
| 284. | Guðleifur Kr. Bjarnason, Hverfisgötu 6 B | | 2 | 3600 | — | 160 | 65 | |
| 300. | Guðmundur Guðlaugsson, Kirkjveg 36 | | 2 | 1250 | 8400 | 225 | 40 | |
| 302. | Guðmundur Hólm Guðmundsson, Hverfisgötu 30 | | 0 | 1700 | engar | 115 | ekkert | |
| 404. | Halldór Guðmundsson, Jófríðarstaðaveg 6 | | 3 | 5750 | 13500 | 800 | 350 | – 685.– (290) |
| 382. | Gunnar Asgeirsson, Krosseyrarveg 11 | | 2 | 1200 | engar | 100 | ekkert | |
| 414. | Hallgrímur Jónsson, Urðarstíg 1 | | 3 | 1450 | — | 45 | — | |
| 389. | Gunnar H. Linnet, Linnetsstíg 3 | | 2 | 1350 | — | 80 | — | |
| 415. | Hallgrímur Sigurðsson, Reykjavíkurveg 29 | | 2 | 2300 | — | 75 | — | |
| 451. | Helgi Þórðarson, Hvaleyri | | 3 | 1850 | 12700 | 165 | 75 | – 254.– (290) |
| 431. | Haraldur Þórðarson, Selvogsgötu 8 | | 6 | 3950 | engar | 60 | ekkert | – 58 |
| 485. | Ingimundur Hjörleifsson, Hverfisgötu 46 | | 2 | 2650 | — | 135 | 25 | |
| 474. | Ingi Kristjánsson, Holtsgötu 5 | | 3 | 1700 | — | 50 | ekkert | |
| 941. | Stefán Stefánsson, Holtsgötu 7 | | 4 | 4350 | — | 90 | 50 | |
| 561. | Jón Guðnason, Oldugötu 26 | | 3 | 1150 | — | 50 | ekkert | |
| 529. | Jóhann Þorsteinsson, Suðurgötu 15 | „ | | 2900 | 16800 | 425 | 275 | |
| 542. | Jóhann B. Sigfússon, Vesturbraut 18 | | 2 | 3300 | 6500 | 180 | 70 | |
| 564. | Jón Halldórsson, Linnetsstíg 7 | | 3 | 3050 | engar | 75 | 15 | |
| 577. | Jón H. Jónsson, Strandgötu 31 | | 3 | 2900 | — | 75 | 0 | |
| 679. | Kristján Steingrímsson, Norðurbraut 3 | | 2 | 3050 | 6700 | 150 | 55 | |
| 681. | Kristmundur Georgsson, Hverfisgötu 8 | | 1 | 2250 | engar | 100 | 25 | |
| 699. | Magnús Bjarnason, Hverfisgötu 26 | | 4 | 4650 | 5000 | 180 | 80 | |
| 711. | Magnús Jensson, Linnetsstíg 8 | | 3 | 3150 | engar | 100 | 20 | |
| 773. | Olafur J. Símonarson, Nönnugötu 1 | „ | | 1850 | 8300 | 150 | 85 | |
| 774. | Olafur H. Stefánsson, Hverfisgötu 26 | | 1 | 2000 | engar | 50 | 15 | |
| 754. | Olafur R. Björnsson, Norðurbraut 1 | | 2 | 1700 | — | 85 | ekkert | |
| 776. | Olafur Thordarsen, Reykjavíkurveg 20 | | 1 | 1400 | — | 60 | — | |
| 782. | Oskar J. B. Andrésson, Selvogsgötu 4 B | | 2 | 1800 | — | 100 | — | |
| 784. | Oskar Guðmundsson, Langeyrarveg 12 B | | 4 | 1850 | — | 30 | — | |
| 820. | Rósmundur Sigfússon, Austurgötu 27 | „ | | 550 | — | 100 | — | |
| 808. | Ragnar Fr. Jónsson, Suðurgötu 37 | | 0 | 1300 | — | 80 | — | |
| 846. | Sigurbjörn Vilhjálmsson, Skúlaskeið 10 | | 1 | 2050 | — | 180 | 15 | |
| 843. | Sigurbent Gíslason, Suðurgötu 33 | | 2 | 2000 | — | 90 | ekkert | |
| 844. | Sigurbergur G. O. Jónsson, Norðurbraut 6 B | | 1 | 1450 | — | 50 | — | |
| 856. | Sigurður Gíslason, Hverfisgötu 15 B | | 1 | 3700 | — | 300 | 120 | |
| 869. | Sigurður Jónsson, Selvogsgötu 13 | | 2 | 3100 | — | 150 | 35 | |
| 878. | Sigurður G. Sigurðsson, Hörðuvöllum 2 | | 5 | 4350 | 5800 | 125 | 40 | |
| 916. | Símon Kristjánsson, Brunnstíg 1 | | 2 | 3900 | engar | 200 | 90 | – 221.– |
| 918. | Símon Nikulásson, Reykjavíkurveg 17 | | 1 | 1900 | — | 115 | ekkert | – 61 |
| 921. | Skúli Grímsson, Selvogsgötu 11 | | 2 | 2150 | — | 60 | — | |
| 982. | Valgarður Þorkelsson, Linnetsstíg 8 | | 3 | 3000 | — | 100 | 15 | – 55 |
| 985. | Vigfús Sigurðsson, Nönnugötu 8 | | 0 | 2150 | — | 125 | 55 | – 103 |
| 1022. | Þórður B. Þórðarson, Reykjavíkurveg 6 | „ | | 1500 | — | 100 | 30 | – 55 |
| 1045. | Þorsteinn Eyvindsson, Selvogsgötu 13 | | 2 | 2650 | — | 75 | 20 | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skattahækkun

Á landsmálafundi hér 5. þ. m. kom upp ágreiningur á milli mín og Emils Jónssonar vitamálastj. um hækkun á tekjuskatti. Hélt hann því fram, að skattar hefðu lækkað, en eg hinu gagnstæða. Síðar í umræðunum skoraði Ólafur Þ. Kristjánsson kennari mig til hólmgöngu í þessu máli. Vegna þess hve ræðutími kjósenda var takmarkaður, aðeins 1 klst. fyrir hvorn flokk, sem fyrirfram var ráðstafað, gat eg ekki tekið til máls í umræðunum, og verð eg því að biðja „Hamar“ fyrir eftirfarandi skýrslu um tekjuskattshækkun þá sem gerð var í valdatíð stjórnarflokkanna.

**Samanburður á tekjuskatti samkvæmt lögum 27. júní 1921, sem giltu til 1932, að núverandi flokksbróðir Emils og Ólafs, Ásgeir Ásgeirsson fékk heimild til þess að innheimta hann með 40% álagi, sem hann notaði í sinni fjármálaráðherratíð, og allsherjarlögum um tekju og eignaskatt sem sett voru á haustþinginu 1934 (lög nr. 6, 9. jan. 1935) og „bráðabirgðatekjuöflun fyrir ríkissjóð“ (Lög nr. 128, 31. des. 1935), þar sem skatturinn var enn hækkaður al' að 80%.**

Tekjuskattur sá, sem greiða bar 1927, er sjálfstæðismenn létu af völdum, og sem greiða verður nú:

| Netto tekjur Kr. | Einhl. | Persónufrádráttur 1927 Kr. | Persónufrádráttur 1937 Kr. | Skattskyldar tekjur 1927 Kr. | Skattskyldar tekjur 1937 Kr | Skattur 1927 Kr. | Skattur 1937 Kr. | Hækkun í krónum | Hækkun í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1000 | „ | 500 | 700 | 500 | 300 | 3,00 | 3,00 | | |
| 1200 | „ | „ | „ | 700 | 500 | 4,60 | 5,00 | 0,40 | 9% |
| 1500 | „ | „ | „ | 1000 | 800 | 7,00 | 8,00 | 1,00 | 14% |
| 2000 | „ | „ | „ | 1500 | 1300 | 14,50 | 16,00 | 1,50 | 10% |
| 2500 | „ | „ | „ | 2000 | 1800 | 22,00 | 26,00 | 4,00 | 18% |
| 3000 | „ | „ | „ | 2500 | 2300 | 32,00 | 45,00 | 13,00 | 41% |
| 4000 | „ | „ | „ | 3500 | 3300 | 57,00 | 102,50 | 45,50 | 80% |
| 5000 | „ | „ | „ | 4500 | 4300 | 92,00 | 185,00 | 93,00 | 101% |
| 6000 | „ | „ | „ | 5500 | 5300 | 137,00 | 300,00 | 163,00 | 119% |
| 10000 | „ | „ | „ | 9500 | 9300 | 417,00 | 1309,50 | 982,50 | 214% |
| 20000 | „ | „ | „ | 19500 | 19300 | 1817,00 | 4867,00 | 3050,00 | 168% |
| 50000 | „ | „ | „ | 49500 | 49300 | 8222,00 | 17832,00 | 9610,00 | 117% |

Það sem sérstaklega vekur eftirtekt, er hve hækkun skattsins er gerð af miklu handahófi, og að hækkunin á háum tekjum er hlutfallslega lægri en á miðlungstekjum, alveg eins og eg hélt fram. —

Alveg verður sami mælikvarði ef báðir skattstigarnir eru lagðir á tekjuskattþegna sem hafa ómegð, því persónufrádráttur fyrir ómaga, 500 kr., er sá sami nú og samkvæmt lögunum frá 1921. Aðeins hefir sú breyting verið gerð að persónufrádráttur einstaklinga og hjóna hefir verið hækkaður um 200 og 400 krónur frá því sem áður var. —

Hitt er annað mál, að tekjur alls almennings hér í bæ (**að undanskildum nokkrum hálaunamönnum sósíalista**) hafa lækkað tilfinnanlega síðustu ár, vegna hins sívaxandi atvinnuleysis og vandræða. Eftir því sem næst verður komist hafa tekjur verkafólks og sjómanna hér í bæ lækkað s.l. ár um 200—250 þús. kr. Mun skattskráin, sem bráðlega kemur út bera þess glögg merki, því að fullum helmingi framteljanda ber ekki að greiða skatt.

Hinn brjálæðiskendi skattstigi sem stjórnarflokkarnir hafa sett, sannar því aðeins hve afkoma almennings er orðin aum og að tekjurnar hrökkva ekki nærri fyrir lögleyfðum frádrætti.

Einnig má geta þess, að samkvæmt lögunum frá 1921, voru eignir sem ekki námu fullum 6000 kr. skattfrjálsar. —

Þessar litlu eignir máttu ekki vera í friði fyrir ásælni stjórnarflokkanna, því samkvæmt lögum frá haustþinginu 1934 voru eignir þær sem nema minst 5000 kr. skattlagðar með 1‰ eða 5 kr. Allur eignaskattstiginn var jafnframt hækkaður til jafnaðar um 1‰, þ. e. 1 kr. af þúsundi. — **Margir hér í bæ, sem áður sluppu við að greiða eignaskatt, verða nú að greiða hann.** Flestir þessara manna berjast í bökkum, enda þótt þeir séu taldir að eiga þessa eign í húskofa eða innanstokksmunum, sem engan arð gefur af sér eins og ástandið er nú hér í bæ. —

Þar með hefi eg svarað blekkingum Emils og Ólafs um lækkun tekjuskattsins.

*Hafnarfirði, 9. júní 1937.*

**Sigurður Kristjánsson.**


# Sjálfstæðismenn og konur!

**Látið kosningaskrifstofunni í té allar þær upplýsingar, sem þér teljið að komi henni að haldi.**

**Sími skrifstofunnar er 9228.**


# Broddarnir segja:

*„Það er ekki einstaklinganna, að vaða í skítinn fyrir fjöldann.“*

Þegar sósíalistar keyptu Júní og sjálfstæðismenn í bæjarstjórn bentu á, að skipið væri gamalt og í slæmu standi, þá vildi Emil ekki heyra það nefnt, en taldi höfuðkostinn vera þann, hve skipið væri ódýrt.

Um eitt voru broddarnir sammála sjálfstæðismönnum, og það var, að ógerningur væri að kaupa skipið nema fé væri fyrir hendi, þar sem Útvegsbankinn vildi ekki lána neitt. Broddarnir sögðust skyldu lána sjálfir 50 þúsund krónur. Heimtuðu þeir að bærinn gæfi út skuldabréf með 6% vöxtum og þau ætluðu þeir að kaupa. Þetta sviku þeir. Sama og ekkert nýtt fé fékk bæjarútgerðin frá broddunum. Ásgeir Stefánsson keypti bréf fyrir 22 þúsund kr., en það var hann áður búinn að lána bæjarútgerðinni tryggingarlaust. Nú fékk hann tryggingu bæjarsjóðs og 6% vexti. Aðrir létu sama og ekkert. Heimtað var af yfirmönnum skipanna, að þeir keyptu skuldabréfin og urðu sumir að hröklast af skipunum vegna ágengni broddanna um skuldabréfakaupin.

Þegar sjálfstæðismenn spurðu broddana, hvort þeir vildu ekki kaupa skipið sjálfir, fyrst þeir hefðu svo mikla trú á skipakaupunum. Þá svöruðu þeir: — „Það er ekki einstaklinganna að vaða í skítinn fyrir fjöldann.“

Þessari skoðun sinni hafa þeir, bæði Emil og aðrir, verið trúir fram á þennan dag, og er það eitt af því fáa, sem þeir hafa ekki runnið frá.


# Hafnfirðingar!

# Kjósið

# Bjarna Snæbjörnsson!


Ábyrgðarmaður: Loftur Bjarnason.
Félagsprentsmiðjan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Bjarnason (Fyrsafellir)
er hvorki í skatti né útsvari.

| | | Nettótekjur | Fád. | Útsvar Ísaf. | Útsvar R.vík. | Eign. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 41 | Bárður Guðmundss. bókb. | 2714 – | 1200 | 185 | 158 – | 10700 | eldri |
| 58 | Bjarni E. Kristjánsson | 2305 – | 1400 | 80 | 67 – | | |
| 47 | — " — Ásgeirsson | (5111) 4652 – | 1900 | 340 | 325 – 250 – | | |
| 35 | Ásmar Benediktsson | 2421 | 1400 | 75 – | 75 – | | eldri |
| 413 | Magnús Kárason | 2906 | 1400 | 250 – | 204 – | 13300. | gamall |
| 560 | Stefán Richter | 1810 | 1400 | 360 | 178 – | 20200. | |
| 299 | Jóhann Bjarnason skipasm. | 1272 | 700 | 240 – | 200 – | 20100. | gamall. |
| 111 | Eyjólfur Bjarnas. bókb. | 0 | hjón | 40 – | 54 – | X 10800. | gamall |
| 19. | Anton Hróbjartsson nei | 4620 | 2400. | 155 – | 172 – | NB. | |
| 20 | Arinbj. Clausen | 3386 | 2400 | 110 – | 53 – | | |
| 25 | Árni B. Ólafss., Mjóg. 5 | 3322 | 2400 | 155 – | 50 | | |
| 27 | Ásgeir Guðbjartsson | 0 | hjón | 150 – | 182 – | X 20700 | gamall |
| 39 | Baldvin E. Þórðarson | 3442 | 1200 | 160 – | | X | |
| 44 | Bergsv. Árnason | 3966 | 1400 | 310 – | 260. – | | |
| 50 | Bjarni Einarsson gamli | 0 | einn. | 10 | 12 – | X 5800. | |
| 51 | — " — Gunnarsson vélstj. | 2599 | 1900 | 85 – | 36 | | |
| 55 | Bjarni Jóhanness. Selj. 14 | 2772 | 1200 | 80 – | 107. | NB. | Sem hjón |
| 56 | — " — Jónsson Sólg. 5 | 1879 | 1400 | 110 | 48 | 9700 | Eign. |
| 95 | Eiríkur Einarss. lóðs | 5521 | 1400 | 810 – | 555 | | |
| 104 | Elís Ólafsson klæðsk. | 1356 | 700 | 50 – | 26 – | | |
| 107. | Emma Ólafsdóttir | 2741 | 700 | 175 – | 127 – | | |
| 109 | Erling Aspelund | 2300 | 700 | 85 – | 84 – | NB. | |
| 110 | — " — Hestnæs | 2500 | 700 | 185 – | 100 – | | |
| 113 | Eymundur Torfas. vélstj. | 3452 | 2400. | 115 – | 58. | | |
| 119 | Friðberg Gíslason, fatlaður | 1187 | 700 | 30 – | 21 – | | |
| 124 | Friðrik Jónasson kennari | 3223 | 2400. | 90 – | 44 | | |
| 131. | Gísli Einarsson, kaupfél. | 2920 | 1400 | 160 – | 122. | | |
| 148 | Guðfinnur Sigmundss. | 1956 | 700 | 85 – | 58 – | | |
| 164. | Guðm. Geirdal Fjstr. 14. | 5436 | 3400 | 310 – | 148 – | | |
| 174. | Guðm. G. Hafnfjörð | 872 | 700. | 20 – | 0 0 | | |
| 178 | — " — J. Mosdal | 2895 | 1200. | 160 – | 120 – | | Sem hjón |
| 188 | — " — Þórarinss. Krók | 1727 | 700. | 50 – | 44 – | | |
| ~~202~~ | ~~Gunnar Hestnes~~ | ~~1880~~ | ~~700~~ | – – | ~~35~~ | Norni | |
| 206 | — " — Pálsson Sang. 8 | 2063 | 700 | 85 – | 65 – | | |
| 222 | Halldór E. Jónss. Fj.str. 32 | 1529 | 1400. | 40 – | . . | | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Nettó-tekjur | Frá-drag | Útsvar Bæj. | Útsvar Rík. | |
|---|---|---|---|---|---|
| Una Eggertsdóttir | 2510 | 700 | 115 | 111 | |
| Unnur Gísladóttir | 2276 | 700 | 120 | 82 | |
| Valdimar Fr. Sigtryggsson sjóm. | 2168 | 1400 | 140 | 57 | |
| Viggó Guðjónsson | 2868 | 700 | 300 | 140 | |
| Þorgeir Ólafss. sjóm. | 3820 | 2900 | 125 | 50 | |
| Þorlákur Jónsson íshúsv. | 3476 | 1400 | 250 | 188 | |
| Þorsteinn Magnúss. sjóm. | 1618 | 700 | 65 | 37 | |
| Þorvaldur Magnúss. sjóm. | 4076 | 2400 | 190 | 109 | |
| Thomas Nissen | 3063 | 1000 | 175 | | |
| Sigurmar Gíslas. sjóm. | 3724 | 1900 | 200 | 125 | |
| Sigurður Guðjónsson sjóm. | 1663 | 700 | 65 | 40 | Vallarborg. |
| Sigfús Guðfinnss. skipstj. | 6146 | 4400 | 325 | 116 | |
| Sigríður Kjartansd. saumak. | 1659 | 1060. | 85 | | Geitavík. |
| Sigtr. E. Guðmundss. vélam. | 4231 | 2400 | 210 | 125 | |
| Salomon Hafliðas. dyrav. | 3578 | 1900 | 190 | 109 | |
| Magnús Bjarnas. verkam. | 2259 | 700 | 115 | 81 | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Nettó tekjur | Frá dr. | Útsvar Ísaf. | Útsvar Rvk. | Eignir | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 228 | Hallgr. Pétursson tresm. | 3209 | 2900 | 225 | 22 | | |
| 230 | Hannes Helgas. sjóm. | 1482 | 700 | 55 | 30 | | |
| 234 | Harald Aspelund | 2766 | 2400 | 60 | 23 | | |
| 243 | ~~Helgi Sigurðard. sjómað.~~ | ~~954~~ | 700 | | ~~19~~ 9200. | í leppsl | |
| 244 | Helgi Elíasson | 894 | 700 | 135 | – | | aðrir m. |
| 250 | –„– Þorvarðs. Pólg. 1. | 3611 | 1400 | 255 | 207 | | |
| 251 | Herbert Sigurjónsson | 3714 | 1900 | 195 | 124 | | |
| 252 | Hergeir Albertsson | 2646 | 700 | 165 | 116 | | |
| 256 | Hinrik Guðmunds. skipstj. | 3291 | 2400 | 125 | 48 | | |
| 260 | Hjörtur Einarss. sjóm. | 2163 | 1900 | 45 | 20 | | |
| 263 | –„– Kristjánsson Tg. 17. | 2749 | 1900 | 170 | ~~48~~ 45 | | |
| 268 | Hrólfur Sigurjóns. Hrg. 4 | 1840 | 1200 | 60 | | | |
| 269 | –„– Þórarinsson Mány 3 | 2440 | 1000 | 100 | | | |
| 277 | Indriði Ingvars. sjóm. | 1667 | 700 | 65 | 40 | | |
| 282 | Ingimundur Guðmunds. Vélstj. | 3271 | 1200 | 250 | | | |
| 311 | Jóhannes Þórarinss. póstur | 893 | 700 | 25 | – | | |
| 316 | ~~Jónas Helgason Hverfisg. 1~~ | | ? | | ~~11~~ ~~5500~~ | | |
| 321 | Jón Tómasson polití | 3170 | 2200 | 130 | 40 | | |
| 340 | „ Kristmunds. Sjúkrah. | 2565 | 1060 | 120 | | | |
| 342 | „ Þ. Ólafsson húsasm. | 2053 | 1400 | 210 | 137 | 13800. | |
| 343 | „ M. Pétursson gjaldk. | 7254 | 2900 | 175 | 80 | | |
| 347 | „ Stefánss. Fell. | 1525 | 700 | 35 | 32 × | | |
| 363 | Karl Sigurgeirss. Sólg. 7. | 2211 | 1700 | 80 | 22 | | Hjón + barn ? |
| 380 | Kristján Bjarnas. Hlíðarv. 10. | 2784 | 1900 | 115 | 47 | Vélstj: | |
| 394 | –„– G. Valdimarss. sjóm. | 2181 | 1400 | 80 | 58 | | |
| 402 | Lilja Hjálmarsd. Fjh. 32 | 1582 | 700 | 60 | 35 | | |
| 421 | ~~Margrét Gunnlaugsd. Aðalg.~~ | | | | ~~17~~ ~~8100.~~ | | |
| 437 | Ólafur Árnas. Símam. | 4974 | 1400 | 500 | 440 | | |
| 438 | –„– Ásgeirsson tollm. | 2872 | 1900 | 100 | 52 | | |
| 445 | –„– Júlíusson skipstj. | 3943 | 2900 | 175 | 57 | | |
| 463 | Óskar Jensen Sjúkrahús | 3984 | 2900 | 145 | 58 | | |
| 468 | Páll Hagalíns. Smiðsh. 23. | 2620 | 700 | 270 | 114 | | |
| 472 | „ Kristjáns. Túng. 7. | 0 | ? | 350 | 94 | 14400. | aðeins á eign. |
| 478 | Pétur F. Jónsson verkstj. | 2267 | 1400 | 85 | 64 | | |
| 479 | „ Njarðvík | 3881 | 2400 | 170 | 90 | | |
| 593 | Viggó Bergsveinss | 3324 | 2400 | 120 | 50 | | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Hátekjumenn

(Kr. Sig.) skipstj. kaup m/fæði ca 11200.-

Kvæntur, 3 börn, 4–9 ára

Útsvar í Rv. 1040.-

Lækkar vegna skiftingar um 119.27

2/3 af kr. 1040.- = ca kr. 683.33

lækkun ÷ 119.27

564.06, Útsvar

í Hafnarf. hefði orðið ca 850 kr.

---

(Guðj. Gunnar.) skipstj. kaup m/fæði ca 13100.-

Kvæntur 3 börn 3–11 ára

1 fósturbarn?

Útsvar í Rv. 1385.- kr, þar af 880.- á tekjur úr Hf. Hitt líkl. á eign.
Þessar 880.- kr. hefðu í Hafnf. orðið 560.- kr. skv. úrskurð. um skiftingu.
Útsvar þessa manns í Hf. hefði hæst orðið ca 1060 kr. en sennil. ca 700 kr.

---

(H.Þ.) stýrim. kaup m/fæði ca 9500.-

Ekkill. 1 barn 10 ára

Útsvar í Rv. 1295 kr.

Lækkun vegna skiftingar 256.67

Ef útsvör væru jöfn hlutfallsl. hefði hlutur Hf. orðið ca 850.-

Vesturþ. ÷ 256.67

Kr. 593.33

Útsvar í Hf. hefði orðið 1/3 hærra en →
eða 890 krónur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lágtekjumenn — NB. Til þess að skifting sje byggð þurfa sjómenn að hafa 5000.- kr. tekjur í atvinnusveit

(Steingr. Magnússon) bátsmaður Kaupm.fæði ca 5400.-

Kvæntur, 6 börn 3-14 ára

Útsvar Rvík 50 kr.

Hækkun vegna þess að Hafnarfj. á að fá 2/3 útsvarsins – 50 kr., þannig að hluti Hf. verður 83.33. Í Hafnarfirði hefði útsvar þessa manns orðið

125 krónur. (Hf. fær 83.33 eða 2/3 af því útsv. sem hann hefði átt að bera þar.)

---

(Erl. Pálmason) vjelam. tekjur m/fæði ca 6500.-

Kvæntur, 4 börn 9-14 ára

Útsvar í Rv. Kr. 115.-

Hækkun vegna skiftingar Kr. 40.-

Útsv. í Hafnarf. hefði orðið 175 kr.

---

Daníel Oddsson (landhelgisnjósnari) loftskm.

tekjur m/fæði ca 5300.-

Kvæntur, 6 börn, 5-14 ára

Útsvar Rvík Kr. 40.- Hækkun vegna skiftingar

33.33 Hefði orðið í Hafnarf. 90 kr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skráin sýnir að eftir því sem tekjur og aðstaða er betri er mismunurinn meiri á útsvörum í Rv. og Hf.

Sérstakl. athygl. að skifting kemur því aðeins til greina að tekjur sjómanns í atvinnuferli nemi 5000 kr.

Mismunur því sennil. enn gífurlegri hjá mönnum sem hafa undir 5000 kr. árstekjum.

Nöfn má ekki geta upp og spursmál um tekjuupphæð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Ísaf. | Rv. |
|---|---|---|---|
| X | Hallgrímur Pétursson trésm. | 125,- | 22,- |
| | Hannes Helgason sjóm. | 55,- | 30,- |
| X | Haraldur Aspelund | 60,- | 23,- |
| X | Hinrik Guðmundsson skipst. | 125,- | 48,- |
| X | Hjörtur Einarsson sjóm. | 45,- | 20,- |
| X | Hjörtur Kristjánsson | 170,- | 45,- |
| | Indriði Guðjónsson sjóm. | 65,- | 40,- |
| X | Jón Finnsson polití | 130,- | 40,- |
| X | Jón G. Ólafsson húsasm. | 210,- | 137,- |
| X | Jón M. Pétursson gjaldkeri | 175,- | 89,- |
| X | Karvel Sigurgeirsson | 80,- | 22,- |
| X | Kristján Bjarnason | 115,- | 47,- |
| | Kristján G. Valdimarsson | 80,- | 58,- |
| X | Lilja Hjaltalínsdóttir | 60,- | 35,- |
| X | Ólafur Ásgeirsson tollv. | 100,- | 52,- |
| X | Ólafur Júlíusson skipstj. | 175,- | 57,- |
| X | Óskar Jensen | 145,- | 58,- |
| X | Páll Hagalínsson | 270,- | 114,- |
| X | Pétur Njarðvík | 170,- | 90,- |
| X | Viggó Bergsveinsson | 120,- | 50,- |
| X | Stefán Richter | 260,- | 178,- |
| X | Arinbjörn Clausen | 110,- | 53,- |
| X | Arinbjörn Ólafsson | 155,- | 50,- |
| X | Bjarni Gunnarsson vélstj. | 85,- | 36,- |
| | Bjarni Jónsson Sólg. 5 | 110,- | 48. |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Eiríkur Einarsson lögr. | 810,- | 555,- |
| Elís Ólafsson blaðsk. | 50,- | 26,- |
| Emma Ólafsdóttir | 175,- | 127,- |
| Erling Vestnes | 185,- | 100,- |
| Eymundur Torfason | 115,- | 58,- |
| Friðrik Jónasson kennari | 90,- | 44,- |
| Guðmundur Geirdal | 310,- | 148,- |
| Guðmundur E. Hrafnfjörð | 20,- | 0 |
| Halldór E. Jónsson | 40,- | 0. |
| Unnur Gíslad. | 120,- | 82,- |
| Valdimar Fr. Sigtr.son | 140,- | 57,- |
| Viggo Guðjónsson | 300,- | 140,- |
| Þorgeir Ólafsson | 125,- | 50,- |
| Þorlákur Jónsson íshússtj. | 250,- | 188,- |
| Þorvaldur Magnússon | 190,- | 109,- |
| Sigfús Guðfinnsson | 325,- | 1[illegible]6,- |
| Sigtr. E. Guðmundsson | 210,- | 125, |
| Salomon Hafliðason | 190,- | 109,- |
| Magnús Björnsson verkam. | 115,- | 81,- |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur